



Reykjavík 8. apríl 2025

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðstjóri velferðasviðs
Fannborg 6
200 Kópavogur

Varðar: Styrkumsókn.

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999. Í dag eru félagar 500 talsins. Árið 2024 mættu að meðaltali 17,2 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. 71 einstaklingar komu í kynningu. Einnig komu 44 fagaðilar og nemar í kynningu.

Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaúrræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2023 voru 32% féлага í vinnu og 13% í námi af þeim sem spurðir voru í árangurskönnun 2023. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun og eitt ár aukalega vegna covid. Nú er verið að vinna í



Self Study og sendum við það frá okkur fyrir 1 maí næst komandi. Svo í júní koma aðilar frá Clubhouse International til að taka stafið út í klúbbum.

Klúbburinn Geysir byggir á hugmyndafræði Fountain House, sem eru alþjóðasamtök með starfsemi í 32 þjóðlöndum, í um og yfir 370 klúbbhúsum. Klúbburinn starfar samkvæmt Stöðlum Clubhouse International.

Þau úrræði sem Klúbburinn Geysir býður upp á eru hagkvæm og leiða til umtalsverðs sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem og hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Í klúbbum fá félagar hvatningu, stuðning og mikilsverða vinnuþjálfun til að ná sér á strik eftir veikindi og endurheimta þá reisn sem fylgir því að geta séð fyrir sér sjálfur að miklu eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum geta klúbbfélagar hætt að þiggja aðstoð frá ríki og/eða sveitarfélögum. Einnig öðlast einstaklingurinn aukin lífsgæði sem ekki er hægt að meta til fjár.

Til að styðja við starfsemi Klúbbsins Geysis á árinu 2025, sækjum við hér með um styrk frá Kópavogsbæ að upphæð 500.000 kr.

Virðingarfyllst,

Þórunn Ósk Sölvadóttir
framkvæmdarstjóri Klúbbsins Geysis


Fannar Þór Bergsson
félagi

Meðfylgjandi:

1. Litli-Hver – fréttabréf Klúbbsins Geysis
2. Klúbburinn Geysir – Með þér út í lífið – upplýsingabæklingur um Klúbbinn Geysi
3. Árssreikningur 2024.